

Speglun þvagblöðru og brennsla á æxli

Speglunin er gerð til að brenna æxli í þvagblöðru.

Undirbúningur

- Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann.
- Karlmenn þurfa að þvo vandlega undir forhúð.
- Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna.

Speglun

Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Þvagrásaropið er þvegið og deytt með kremi. Farið er með speglunartæki upp þvagrás og inn í þvagblöðru. Speglunin tekur um 30 mínútur.

Eftir speglun

- Nauðsynlegt er að drekka 1,5-2 lítra af vökva þann dag sem speglunin fer fram til að skola út blóði sem getur komið eftir brennslu æxlis.
- Búast má við að vægur sviði fylgi fyrstu þvaglátum eftir speglunina. Hægt er að kaupa verkjalyf án lyfseðils í apóteki, sem taka má samkvæmt fylgiseðli lyfs.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða leita á bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Likamshiti er hærri en 38,5°C
- Þvaglát ganga illa
- Verkur eða sviði sem minnkar ekki við töku verkjalyfs
- Þvag er mjög blóðlitað

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A er opin mánudaga til fimmtudaga klukkan 08:00-16:00 og föstudaga klukkan 08:00-12:00, sími 543 7100. Utan þess tíma er leitað á bráðamóttöku í Fossvogi ef vandamál koma upp.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
SEPTEMBER 2024
FRÆ-0748

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR ÞVAGFÆRASKURÐ-
LÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRI
GÖNGUDEILDAR ÞVAGFÆRA

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA